

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975,  
með síðari breytingum.

### 4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- A. Fastagjald kr. 2 200.00 á mánuði fyrri hvern aðalhemil.
- B. Vatnsgjald kr. 3 700.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

### 6. gr. orðist svo:

Heimæðagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> að utanmáli kr. 230 000.00 og síðan kr. 460.00 fyrir hvern m<sup>3</sup> þar yfir.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 16. maí 1980, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1980.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

### I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

- 1. Um vatnsmæli, kr. 195.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- 2. Um hemil, kr. 53 600.00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: Fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 0.8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup> en fyrir iðnaðarhúsnæði 0.5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>2</sup>.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

### II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákvæður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

- 1. Fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 2 070 á mán.
- 2. Fyrir mæla frá 1—2" ..... — 2 870 á mán.
- 3. Fyrir hemla allt að ¾" ..... — 2 070 á mán.
- 4. Fyrir hemla frá 1—2" ..... — 2 870 á mán.